

Stjórn Úrvinnslusjóðs

368. stjórnarfundur, mánudaginn 31. mars 2025 – kl. 09.00 – 11:00

TEAMS

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

A. Til kynningar (20 mín)

1. Fjölmíðlaskýrslur 2023 og 2024
2. Fundargerð Hagsmunaráðsfundar 13.3.2025

B. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu (100 mín)

3. Breytingar á endurgjaldi fyrir PLABPH
4. Stöðumat áhersluverkefna ÚVS 2025
 - a. Innleiðing gæðakerfis
 - b. Þrepaskipt gjöld
5. Allan hringinn, fræðslu- og kynningarverkefni

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Birta Sif Arnardóttir (BSA), frá kl. 9:45
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG),
Kristinn Már Reynisson (KMR),
Anton Kári Halldórsson (AKH) (fyrir Líf Magneudóttur).

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Gunnlaug Einarsdóttir (GE),
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Stjórn fól skrifstofu ÚVS að vinna áfram með möguleikann á að þrepaskipta heyrulluplasti og skoða áhrifin af því.
2. Stjórn samþykkti að taka þátt í verkefninu Allan hringinn með 1.750.000 kr. fjárframlagi. Skrifstofu ÚVS var falið að taka umræður og spurningar stjórnar inn á vettvang verkefnisins, m.a. um árangursmælingar og aðferðir, s.s. hvernig má best ná til þeirra sem verkefnið snýr að.

Fundargerð

A. Til kynningar (10 mín)

1. Fjölmíðlaskýrslur 2023 og 2024

SBJ lagði fjölmíðlaskýrslur frá Creditinfo fram til kynningar.

2. Fundargerð Hagsmunaráðsfundar 13.3.2025

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til kynningar.

B. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu (100 mín)

3. Breytingar á endurgjaldi fyrir PLABPH

GE fór yfir tillögu skrifstofu Úrvinnslusjóðs um breytingu á endurgjaldi fyrir PLABPH. Nýjar upplýsingar liggja fyrir um flutningskostnað og hefur tillagan tekið breytingum út frá þeim.

Umræður, m.a. um gögn og upplýsingar að baki tillögunni.

KMM bar tillöguna upp til samþykktar. JVG lýsti vanhæfi og kvaðst ætla að víkja við afgreiðslu. GH kvaðst einnig vanhæf og KMR lýsti áhyggjum af hæfi sínu. Þar sem fjóra stjórnarmenn/varamenn þarf til að stjórn sé bær til að taka ákvarðanir lagði KMM til að fresta afgreiðslu og var það samþykkt.

KMM lagði til breytingu á boðaðri dagskrá þannig að b- liður verði á undan a-lið í dagskrárlíð 4. Samþykkt.

4. Stöðumat áhersluverkefna ÚVS 2025

SBJ lagði fram yfirlit yfir stöðu áhersluverkefna samkvæmt starfsáætlun ársins 2025. Öll verkefni eru hafin nema eitt. Hún kallaði eftir ábendingum um framsetningu matsins og benti á að sjálfsagt sé að kalla eftir upplýsingum um og ræða einstök verkefni á fundum stjórnar. Að þessu sinni séu tvö verkefni kynnt sérstaklega:

a. Prepaskipt gjöld

GE fór yfir stöðuna á verkefni um prepaskipt gjöld. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun frá ESB en útfærslan í íslenskri löggjöf er engin. Í vinnuskjali GE eru greindar þrjár leiðir til útfærslu. Hverri leið fylgja umtalsverðar áskoranir og ekki hægt að innleiða neina þeirra án samstarfs við aðrar stofnanir og ráðuneyti.

Fundarmenn lýstu ánægju með að verið sé að skoða þetta. Umræður og spurningar um leiðirnar, útfærslu í öðrum löndum og gang samstarfs við mikilvægra aðila innan lands.

BSA tók sæti á fundinum kl. 9:45

Stjórn fól skrifstofu ÚVS að vinna áfram með möguleikann á að prepaskipta heyrulluplasti og skoða áhrifin af því.

GE vék af fundi.

b. Innleiðing gæðakerfis

EA fór yfir stöðuna á innleiðingu gæðakerfis, innleiðingaráætlun gæðastefnu og sýndi inn í kerfið sjálft. Verkefnið gengur ágætlega en er umfangsmikið. Framvegis verður

unnið samhlíða að skjölun kjarnaferla sem EA annast, og skjölun almennari ferla sem verið er að semja um utanaðkomandi aðstoð við.

5. Allan hringinn, fræðslu- og kynningarverkefni

Erindi frá Umhverfis- og orkustofnun sem fjallað var um á fundi 366 hefur verið lagt fram aftur með uppfærðri verkefnisáætlun og viðbótargögnum. Umræður.

Stjórn samþykkti einróma að taka þátt í verkefninu með 1.750.000 kr. fjárframlagi.

Skrifstofu ÚVS var falið að taka umræður og spurningar stjórnar inn á vettvang verkefnisins, m.a. um árangursmælingar og aðferðir, s.s. hvernig má best ná til þeirra sem verkefnið snýr að.

Fundi slitið kl. 10:50

Næsti fundur verður 30. apríl kl. 9:00.